

Aðalfundur Prentsöguseturs, 23. mars 2022.

Skýrsla stjórnar

Ágætu félagar.

Þessi aðalfundur Prentsöguseturs er haldinn á réttum tíma samkvæmt lögum félagsins, fyrir 1. apríl. Í fyrra var aðalfundurinn haldinn 21. apríl en árið þar áður ekki fyrr en 4. júní. Ekki þarf að fjölyrða um ástæðuna; hún heitir Kóvit og hefur truflað mjög allt samkomuhald undanfarin tvö ár. Nú er hins vegar aftur komin slökun, hugsanlega varanleg, og við nýtum hana til að halda þennan aðalfund á réttum tíma; það er fagnaðarefni.

Á síðasta aðalfundi var að venju kjörin stjórn félagsins. Formaður var kosinn Haukur Már Haraldsson, sem hér stendur, en aðrir í aðalstjórn voru kosnir Grímur Kolbeinsson, Heimir Örn Gunnarsson, Hjörtur Guðnason, Tryggvi Þór Agnarsson, Katrín Jónsdóttir og Þór Agnarsson. – Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Hjörtur er varaformaður, Grímur ritari, Tryggvi Þór gjaldkeri, Þór og Katrín meðstjórnendur og Heimir Örn í varastjórn. Þegar leið á árið sagði Þór af sér stjórnarmennskunni þar sem honum fannst hann of tímabundinn til að geta sinnt því starfi almennilega. Heimir Örn tók þá við hlutverki meðstjórnandi. Við þökkum Þór fyrir samstarfið.

Á aðalfundinum var einnig kosin framkvæmdastjórn Gömlu prentsmiðjunnar við Laugavegi 29B. Í hana voru kosin Ágúst Guðjónsson, Baldvin Heimisson, Heimir Br. Jóhannsson, Katrín Jónsdóttir og Sófus Guðjónsson, Heimir Br. Jóhannsson, Katrín Jónsdóttir og Sófus Guðjónsson.

Hvað Gömlu prentsmiðjuna snertir var hún opin einu sinni í viku allt þar til heimsfaraldurinn gerði það ekki mögulegt lengur. Þessar opnanir voru vel auglýstar og stjórnarmenn skiptu með sér viðveru á opnunartímunum. Einnig var staðurinn opnaður þegar um það var beðið fyrir einstaka hópa, svo sem fyrir nemendur skóla. Á árinu voru lögð drög að viðburðum í Gömlu prentsmiðjunni, þar sem sýna átti og skýra handbrögð fyrri tíma bókaprentun. Framkvæmd þessara viðburða hefur þurft að bíða af kunnnum ástæðum.

Starf stjórnarinnar hefur snúist mjög um væntanlega sýningu í Gestahúsi í Skálholti, eðli málsins samkvæmt. Þetta er dýr framkvæmd, þannig að leita hefur þurft fanga víða til að finna leiðir til að fjármagna hana. Það hefur tekist nokkuð vel, þannig að segja má að kostnaður við hana sé að fullu fjármagnaður. Sem dæmi um það má nefna að á árinu fengum við tveggja milljóna styrk frá Sigfúsarsjóði, eina milljón frá Menningarsjóði tengdum nafni Jóhannesar Nordal, 400.000 króna framhaldsstyrkur frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi og loks 100.000 króna styrk frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga. Ég hels ég sé ekki að gleyma neinum.

Auk þessara fjárstyrkja hefur félaginu borist talsvert af gjöfum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Nægir þar að nefna fjölda gripa sem eigendur hjá GuðjónÓ gáfu þegar prentsmiðjan rýmdi fyrrum húsnæði sitt. Einnig mikið magn af verkfærum og tækjum fyrir bókband, sem Sigurþór Sigurðsson bókbindari gaf okkur þegar hann ákvað að leggja

fyrirtæki sitt niður. Og frá Kópaskeri barst lítill dígull sem verið hafði í eigu Eggerts Þorbjarnarsonar verkamanns í Reykjavík, auk leturs og ýmissa smágripa. Rósa, dóttir Eggerts, gaf Prentsögusetri gripina.

Framkvæmdir í Skálholti hafa verið afar stopular undanfarið og er þar um að kenna frægri Kóvid-veiru og skorti á iðnaðarmönnum og verkafólki sem af henni leiddi, en nú er sem betur fer aftur kominn skriður á framkvæmdirnar, þannig að gera má ráð fyrir opnun hennar síðla sumars eða árla hausts. Stjórnin hefur fylgst náið með gangi framkvæmdanna, bæði með ferðum austur og ekki síður með samskiptum og fundahöldum með vígslubiskupi staðarins. Hann hefur daglega umsjón með framkvæmdunum, Ástæða er til að þakka sr. Kristjáni Björnssyni, vígslubiskupi, fyrir gott samstarf.

Samstarfið við Björn Björnsson, hönnuð sýningarinnar í Skálholti, hefur eins og fyrri daginn verið með ágætum. Nú er eiginlega bara beðið eftir að geta rekið endahnútinn á undirbúninginn með uppsetningu sýningarinnar. Sem við vonum að verði áður en langt um líður.

Nú, þegar sögusýningin sem við höfum unnið að undanfarin ár í samvinnu við staðarhaldara í Skálholti virðist ætla að verða að veruleika innan margra mánaða er komið að öðru og jafnvel stærra verkefni, sem er að koma safni Prentsöguseturs undir þak og opna þar sýningu fyrir almenning. Sú spurning er nokkuð áleitin hvar við eigum að reisa safni Prentsöguseturs húsnæði. Undanfarin ár hefur af ýmsum verið horft stíft austur á Eyrarbakka þar sem boðið hefur verið til kaups hús sem Byggðasafn Árnassýslu var áður til húsa. Það húsnæði hefur þann galla að rekstur þess væri harla dýr. Hiti, rafmagn, viðhald og annar rekstur myndi vega ansi þungt. – Hins vegar eru nú þreifingar í gangi um húsnæði á Selfossi, sem hentað gæti starfseminni án þess að ríða félaginu á svig. Því er verið að ýta úr vör söfnun fyrir framtíðarhúsnæði Prentsöguseturs. Fyrsta tilleggið í þann sjóð er komið. Heidelbergverksmiðjurnar í Þýskalandi veittu okkur styrk upp á 1.500 evrur, með milligöngu Optima, sem þá var umboðsaðili Heidelberg.

Starf stjórnarinnar hefur vissulega takmarkast mjög af sóttvarnarákvæðum. En þökk sé samskiptatækni og grímum og spritti og meðvitaðri varúð gátum við þó hist nokkuð oft, auk þess að vera mjög vel í sambandi með netpósti og skilaboðum og hringingum. Þannig að ég tel að samstarf stjórnarinnar hafi verið mjög gott. Við ákváðum í upphafi starfsárs að hafa einn fastan fundartíma í mánuði og höfum haldið þeirri áætlun.

Einnig má að lokum nefna að Fréttabréf Prentsöguseturs hefur verið gefið út tvisvar á árinu, samkvæmt áætlun um tvö tölublöð á ári, vor og haust.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið; þar hefur ekki borið mikinn skugga á. Og þótt gjaldkerinn eigi eftir að gera grein fyrir reikningshaldi félagsins finnst mér nauðsynlegt að þakka Svani Jóhannessyni sérstaklega fyrir dugnað og elju við að innheimta gjöld og styrki hjá fyrirtækjum. Við þessi ungu bliknum við hliðina á honum í þessum hluta starfsins.